

70. fundur

Fræðslunefnd hélt fund mánudaginn 12. desember 2005 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mætt voru úr Fræðslunefnd Björn Sverrisson, formaður, Katrín Pálsdóttir, Kristín Víðisdóttir, Ingveldur Eypórsdóttir og Anna S. Guðmundsdóttir, varafulltrúi, Gunnar Svanlaugsson og Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjórar, Unnur Breiðfjörð, fulltrúi kennara, Sólbjört S. Gestsdóttir, fulltrúi starfsfólks í leikskóla, Eva Guðbrandsdóttir, fulltrúi foreldrafélags leikskóla sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Skýrslur skólastjóra.

- a) Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum og dreifði einnig skóladagatali Leikskólans. Hún sagði að jólaföndrið sem Foreldrafélag Leikskólans er með fyrir hver jólf hafi verið í síðustu viku og gekk það allt mjög vel. Góð mæting var hjá foreldrum.

Framundan er árleg kirkjuferð, en ákveðið hefur verið að sleppa að taka yngstu deildina með. Einnig fara elstu börnin í Norska húsið, og fara upp á Dvalarheimili og syngja. Þá fara allar deildir á Sjúkrahúsið og syngja fyrir sjúklinga.

Börnin hafa undanfarið verið að búa til jólaskraut sem verður hengt upp á jólatréð, en Litlu jólin verða 21. desember, þar sem jólasveinar munu koma og dreifa jólagjöfum. Elstu börnin verða með helgileik og eru foreldrum þeirra boðið að koma og horfa á.

Vegna plássleysis er ekki hægt að bjóða foreldrum upp á að vera allan tímann, en það breytist með nýjum leikskóla.

Starfsmannaviðtöl hafa verið í gangi og eru tvö viðtöl eftir, þau hafa gengið vel.

Sigrún sagði starfsfólk almennt ánægt og það væri gott fólk að vinna í Leikskólanum

Búið er að ráða Unni Valdimarsdóttur í afleysingar og hefur hún formlega störf í janúar.

Þetta er vegna aukinnar sérkennslu vegna fatlaðra nemenda.

2. janúar verður starfsdagur í Leikskólanum og á þá að skipuleggja starfið fram á vor. Þá mun Einar Gunnarsson stærðfræðikennari koma og halda fyrirlestur fyrir starfsfólk um stærðfræði fyrir börn. Jafnframt verður farið í mat á innra starfi Leikskólans.

Formaður þakkaði gaf orðið laust um skýrslu Sigrúnar. Katrín spurði hvað gulur, rauður og grænn dagur á skóladagatali væri.

Sigrún sagði það væru dagar sem eru í tengslum við yngstu deildirnar, en það er alltaf einhver litur mánaðarins. Í lok mánaðarins væri einn dagur tileinkaður þeim lit og þá mættu börnin klædd í einhverju í þessum lit eða mættu með eitthvað í þessum lit.

- b) Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum og afhenti blað með punktum með helstu áhersluatriðum sem hann gerði síðan skil í skýrslu sinni. Þá dreifði hann einnig dagskrá nemenda í desember og upplýsingablaði um Mentor.is sem er veftengd nýung í upplýsingamiðlun skóla til foreldra og forráðamanna barna, þar sem upplýsingar um ástundun, námsáætlanir, heimavinnu og fleira eru aðgengilegar. Eiga allir foreldrar og forráðamenn barna að hafa fengið úthlutað lykilorði.

Gunnar dreifði einnig auglýsingu fyrir leiksýninguna Hjónabandsælu sem leiklistarvals- hópur 9. og 10. bekkjar hefur verið að sýna. Höfundur leikritsins er Lárus Hannesson.

Samræmdu prófin í 4. og 7. bekk komu vel út, en kennarar eru ennþá að skoða niðurstöður og eiga eftir að fara yfir þær með nemendum og foreldrum.

Dagur íslenskra tungu tókst mjög vel. Nemendur í 1.- 5. bekk voru á sviði, dagskráin tókst vel, en var kannski fulllög. Að lokinni dagskrá fór hver bekkur farið með foreldrum sínum í sína bekkjarstofu.

Gunnar sagði að hann hafi fundað með bæjarráði vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar, helstu atriði sem rædd hafi verið voru, viðhald á skólahúsnæði við Skólastíg 11, endurnýjun á leiktækjum á skólalóðum við Skólastíg og Borgarbraut. Þessi mál sagði Gunnar að hentugt væri að skoða með Sigrúnu leikskólástjóra þegar ný tæki yrðu fengin á lóð nýs leikskóla.

Þá var einnig rætt um endurnýjun á tölvubúnaði grunnskólans, en í dag eru 16 tölvur, 3-4 ára gamlar í tölvustofu sem þyrfti að endurnýja. Gunnar sagði hægt væri að nýta þessar tölvur í nokkur ár í viðbót til annarrar vinnslu í skólanum, þar sem minni krafa er gerð um öflugar og hraðvirkar tölvur.

Loks var rætt um búnað í raungreinastofuna í skólanum við Borgarbraut, en þetta verkefni hefur lengi setið á hakanum. Þetta er dýr stofa, en nú þegar væri byrjað á því að bæta aðstöðuna, t.d væru komnir læstir skápar og fl. í stofuna í dag.

Gunnar sagðist ekki ætla að fara yfir stöðuna á upplýsingamiðlunarkerfinu Mentor.is á þessum fundi, en það myndi hann gera á næsta fundi og hvatti fundarmenn til að lesa yfirlitsblaðið og kynna sér Mentor.is um jólin.

GSS er orðinn aðili að Comeniusar-verkefninu, en það eru samtök sem stofnuð voru 1995 með það að markmiði að efla kennara yngri barna í starfi. Þátttakendur í verkefninu eru m.a. skólar á Ítalíu, Tyrklandi, Finnlandi og Póllandi.

Strax upp úr miðjum janúar munu þær Sigurborg Sturludóttir og Kristborg Haraldsdóttir fara til Ítalíu til þess að taka þátt í verkefninu. Gunnar sagði ekki vera um sambærilegt samstarf að ræða og við höfum átt við vinabæ okkar Kolding í Danmörku, þar sem nemendur taka allir þátt í verkefninu. Nemendur fara ekki allir, kannski væru valdir 2-3 til þess að fara sem fulltrúar síns skóla.

Gunnar sagði nemendur heimsækja Norska húsið, kirkjuna og fleiri staði í bænum á aðventunni, jafnframt væru þeir þátttakendur á vegum tónlistaskólans við hin ýmsu tækifæri.

Þá væri leiksýningin Hjónabandsæla alveg frábær skemmtun og mælti eindregið með að allir myndu mæta á hana.

2. Önnur mál.

Gunnar sagði að Foreldraráð hafi beðið hann að koma því á framfæri við formann Fræðslunefndar hvort ráðið gæti fengið áheyrnarfulltrúa á Fræðslunefndarfundum. Formaður sagði málið verða skoðað.

Eineltiskönnun verður lögð fyrir nemendur 13. desember, og mun Elín Kristinsdóttir sjá um úrvinnslu könnunarinnar og skila skýrslu í janúar.

Marita forvarnarfræðslan sem átti að vera 8. desember sl. féll niður vegna veikinda og er gert ráð fyrir að hún verði 16. janúar nk.

Gunnar sagði að ákveðið hafi verið að fresta brunaæfingu til 12. janúar vegna anna í desember.

Orðið var laust og spurði Katrín hvort að einelti hefur aukist í skólanum, en Gunnar taldi það ekki vera.

Formaður spurði hvort Marita forvarnarverkefnið, væri tengt forvarnarstefnu Stykkishólmsbæjar og sagði Gunnar svo vera.

Eva spurði hvort eitthvað hafi verið spáð í einelti sem viðgengst á MSN, og hvort hægt væri að hafa fræðslufund um MSN fyrir foreldra. Eva sagði marga foreldra ekki vita hvað MSN er og það þurfi að fylgjast með því hvað börnin eru að aðhafast í tölvunum.

Gunnar svaraði að þetta væri mjög alvarlegt mál sem yrði skoðað vel með eineltiskönnunni sem til stæði að gera í skólanum. Rætt um gæslu í sturtuklefum í sambandi við eineltismál, Gunnar sagði að það væri fylgst vel með þessum málum í dag.

Gunnar ræddi tóbaksnotkun í og við íþróttamiðstöðina, og sagði að hann gerði engan greinamun á munntóbaksnotkun og reykingum. Tóbaksnotkun væri einfaldlega bönnuð á svæðinu.

Formaður óskaði fundarmönnum gleðilegra jóla og sleit fundi.